

Rótarý — eftir 50 ára starf á Íslandi

„Að þjóna fremur en þiggja eru einkunnarorð Rótarý“

Rætt við Sigurð Ólafsson, fyrrverandi umdæmisstjóra hreyfingarinnar, um starf og stefnu félagsskaparins.

Flestir hafa eflaust heyrt getið um félagsskapinn Rótarý, sem senn mun ljúka sínu fimmtugasta starfsári hér á landi. Hins vegar eru þeir trúlega færri, sem gera sér fulla grein fyrir því hvaða hlutverki hreyfingin gegnir í hinu hversdagslega lífi. „Rótarý er ekki fyrst og fremst góðgerðafélag, eins og margir virðast halda og því síður einhver „samþök snobbhana“, eins og sumir vilja trúá,“ upplýsti Sigurður Ólafsson, lyfsali í elstu lyfjaverslun landsins, Reykjavíkur Apóteki, er hann var inntur nánar eftir sögu og tilgangi félagsskaparins í grófum dráttum, en Sigurður hefur nýlengi starfsári sínu, sem umdæmisstjóri hreyfingarinnar hér á landi.

Hin alþjóðlega hreyfing, Rótarý, verður 80 ára á þessu ári og fráfarandi forseti Rotary International, setti félagsskapnum það markmið að áður en Rótarý fagnaði aldarafmæli sínu, árið 2005, skyldi vera búð að bólusetja öll börn þriðja heimsins við „Pólíólómunarveikinni“. Í dag sýkist þar um það bil þriðja hvert barn af þessum sjúkdómi og hljóta um 10% þeirra, er sýkjast, varanleg örskum af. „Verkefnið er vissulega

ar frjálst að sinna þeim hugðarfennum, sem næst standa, í bæjarfélagi sínu eða á alþjóða vettvangi, enda af nógu að taka. „Þannig er hér veittur námsstyrkur á hverju ári, fyrir meðmæli klubbanna og umdæmisins, sem er svo ríflegur að styrkþeginn þarf engar fjárhagsáhyggjur að hafa það ár, sem hann er á framfæri Rótarýsjóðsins. „Kröfurnar, sem gerðar eru til námsmannsins eru hins vegar miklar,“ sagði Sigurður. „Hann þarf ekki endilega að vera framúrskarandi nemandi, þó svo vissulega sé það æskilegt. Hins vegar er nauðsynlegt að hann sé verðugur fulltrúi lands síns og þeim eigin-

hring sinn og skilning á þeirri veröld, sem við byggjum.

Vandlátir við val félaga

Aðspurður um hvaðan hann héldi þá skoðun komna að Rótarý væru einhver samtök „snobbhana“, eins og illgjarnar tungur vilja oft vera láta, sagði Sigurður: „Snobb-stimpillinn kemur örugglega til af því, að þetta er starfsgreinafélag. Í hverjum klúbbi er aðeins einn fulltrúi hverrar sérgreinar, einn múrari, einn lyfsali, einn verslunarmaður, einn byggingaverkfræðingur, einn málari, einn tölvufræðingur o.s.frv. Þó getum við haft til að mynda fimm lækna eða lögfræðinga, en þeir verða þá að vera sérhæfðir, hver á sínu sviði, s.s. einn kvenlæknir, einn skurðlæknir o.s.frv.“ bætti hann við. „Við erum vandlátir á hverjum við hleypum inn í hreyfingu okkar og yfirleitt leitumst við við að fá til okkar forystumenn á hverju sviði fyrir sig. Þeir verða fyrir valinu vegna þess að þeir gegna ábyrgðarstöðu í starfsgreininni. Við viljum fá menn úr öllum starfsgreinum inn í félagsskapinn til þess að öll sjónarmið fái notið sín. Fyrst og fremst leitum við að mönnum, sem við getum eitthvað lært af og vilja umgangast aðra menn með þjónustu og hjálpssemi að leiðarljósi,“ sagði Sigurður.

Það liggur í hlutarins eðli að meðalaldur Rótarýfélaga er nokkuð hár, enda eru menn oftast komnir á miðjan aldur, er þeir geta talist til forystumanna í starfsgrein sinni. Ennfremur er það Rótarýfélagum nauðsyn að vita ítarleg deili á verðandi félaga sínum og virðist sem ekki sé flann að að neinu í þeim efnum.

Enn sem komið er karlaklúbbar

Sigurður Ólafsson sagði að enn sem komið væri gætu karlar einir orðið félagar. Á þetta rætur að rekja til þess, að við stofnun Rótarýs, 1905, var það óþekkt með öllu að konur gegndu ábyrgðarstöðum í þjóðfélaginu og kom því ekki til að þær gætu átt erindi inn í þennan félagsskap. Þótt Rótarý elstist ekki við tiskufyrirbrigði, tekur hreyfingin mið af breyttum þjóðfélagsaðstæðum og taldi Sigurður að þetta myndi leiðrétt á næstu áratugum. Gat hann þess að í upphafi hefði það verið skilyrði að Rótarýfélagi væri maður í sjálfstæðri stöðu, en nú væru margir burðarásar Rótarýs einmitt úr hópi þeirra, sem starfa á vegum ríkis og bæja. Eins myndi það vera með kvenþjóðina — eftir því sem þátttaka þeirra í atvinnuvegum heimsins og opinberri stjórnsýslu ykist myndi skilningur á nauðsyn þess, að þær legðu sitt lóð á vogarskálur Rótarýs, aukast. „Rótarý er alþjóðleg hreyfing og þær verður að hafa í huga, þegar rætt er um þessa hægfara þróun,“ sagði Sigurður. „Afstaðan til kvenna utan heimilisins er mjög misjöfn eftir löndum. Norðurlöndin hafa verið hlynnt því að hleypa kvenþjóðinni inn í hreyfinguna nokkuð lengi, en þeir, sem enn berjast hart gegn þessari þróun eru arabar, múhamedstrúarmenn, Japanir og Austurlandabúar yfirleitt,“ útskýrði hann. „Málið hefur

Upphaf hreyfingarinnar

„Eins og svo margir aðrir klúbbar, á Rótarý rætur sínar að rekja vestur til Bandaríkjanna,“ sagði Sigurður. „Árið 1905 gekkst maður að nafni Paul Harris fyrir því að hópur forystumanna úr ýmsum stéttum í Chicago stofnuðu með sér félag til þess að þjóna þeim háleitu markmiðum að auka sidsæði í athöfnun og embættisrekstri og virðingu fyrir öllum nytsamlegum störfum; stuðla að drengilegri framkomu í starfi og samskiptum við aðra, svo og að efla frið, vináttu og skilning þjóða og manna í milli,“ bætti hann við.

„Snemma á fjórða áratug aldarinnar sneru sér síðan nokkrir frammamenn í íslensku þjóðlífi til Ludvigs Storr, ræðismanns í Reykjavík, og báðu hann að kanna grundvöllinn fyrir samskonar klubbstofnun á Íslandi. Að ráðum Storr var þess farið á leit við Knud Zimsen, sem þá hafði nýlengi af störfum sem borgarstjóri Reykjavíkur, að vinna að framgangi þessa máls. Þessir tveir menn, auk Ragnars H. Blöndal, kaupmanns, mynduðu óformlega undirbúningsnefnd og nutu hvatningar og aðstoðar K. Mikkelsen, lyfsala í Kaupmannahöfn, allt til þess að stofnun klúbbsins varð að veruleika þann 13. september 1934. Fyrstu stjórn Rótarýklúbbs Reykjavíkur mynduðu þeir þrír, sem átt höfðu sæti í undirbúningsnefndinni, auk Hallgríms Benediktssonar, stórkaupmanns, og Benedikts Gröndal, verkfræðings og forstjóra í Hamri, en Knud Zimsen gegndi störfum forseta,“ upplýsti Sigurður.

Í fyrstu lutu klubbarnir á Íslandi danskri umdæmisstjórn, en 1. júlí 1946 var stofnað sérstakt og sjálfstætt Rótarýumdæmi fyrir Ísland, sem varð hið 74. í röðinni. Fyrsti umdæmisstjóri okkar var Helgi Tómasson, yfirlæknir, og íslensku klubbarnir þá aðeins 6 að tölu. Nú spannar hreyfingin allan hinn frjálsa heim, umdæmin eru 430 talsins, löndin 160, klubbarnir yfir 21.000 og félagsmenn tæplega 1 milljón. Hér á landi starfa 24 klúbbar með um 930 félaga. Aðal-



Umdæmisstjóri Rótarý, Sigurður Ólafsson, afhendir Valdimar Harðarsyni arkitekt vörðkenningu starfsgreinasjóðs Rótarý fyrir stólinn „Sóley“. Eiginkona Valdimars, Guðný Linda Magnúsdóttir, samgledst manni sínum.

stöðvar Rotary International eru í Evanston í Illinois í Bandaríkjunum.

Markmið og tilgangur

„Góðgerðastarfsemi er bara einn þáttur í starfi Rótarýs,“ sagði Sigurður Ólafsson, lyfsali, er hann var inntur eftir því á hvaða sviðum hreyfingin beitti sér helst. „Númer eitt er að efla skilning og vináttu þjóða og manna í milli, bæði innan félagsskaparins og utan með óeigingjarnri þjónustu við meðbræður sína. Annars er Rótarýsjóðurinn sjálfseignarstofnun og veitir hann m.a. fé til líknarmála. Hins vegar eru líka námsstyrkir veittir úr sjóðnum, svo og fé til ákveðinna afmarkaðra félagslegra verkefna. Ef grafa þarf brunn í Súdan, eða eitthvað þess háttar, er líklegt að Rótarý leggi því máli líð,“ útskýrði hann. „H-in þrjú, Hunger, Health og Humanity (hungur, heilsa og mannúð), minna menn á að víða er verk að vinna og verður svo um fyrirsjáanlega framtíð,“ bætti Sigurður við.

risavaxið,“ sagði Sigurður, „en hægt er að ná markmiðinu með fáeinum dropum af bólusetningar-efni á hvert barn. Fyrir einn dollara (u.þ.b. 40 kr.) er hægt að fá ónæmisefni, sem gerir 8 börn ónæm fyrir veikinni í eitt skipti fyrir öll. Þetta hefur hins vegar ekki verið gert og þess vegna erum við nú að skipta okkur af þessu málefni,“ bætti hann við. „Verkefnið verður unnið í samvinnu við WHO, alþjóðlegu heilbrigðisstofnunina, en í stjórn hennar situr reyndar Almar Grímsson, lyfsali í Hafnarfirði, sem einmitt er Rótarýfélagi.“

Verkin látin tala

Í þessu máli, sem öðrum, fer lítið fyrir starfi Rótarýs á vettvangi fjölmiðla. Verkin eru látin tala og enda þótt höfuðstöðvarnar gefi klubbunum ábendingar varðandi stærri verkefni og hina almennu stefnu, er ekki um nein fyrirmæli að ræða, heldur vinsamleg til-mæli. Hverjum klúbbi, raunar hverjum félagsmanni, er hins veg-

leikum búinn að hann geti frætt heimamenn um land sitt og þjóð, auk þess að vera nokkurs konar „Goodwill Ambassador“. Að námsferð lokinni er það jafnframt skylda hans að upplýsa Íslendinga um gistilind sitt, síði, venjur og menningu og vinna þannig að gagnkvæmum skilningi þjóðanna,“ bætti hann við til útskýringar. Til þessa hafa 30 til 40 manns hlotið stóra styrki frá íslensku umdæminu og eru þeir nú flestir í hópi forystumanna sinna starfsgreina á Íslandi. Sigurður gat þess einnig að lög Rótarýs bönnuðu að nánir settingjar Rótarýfélaga, börn, barnabörn eða systkini, gætu fengið þessa styrki og væru þau ákvæði sett til að fyrirbyggja hugsanlega misnotkun. „Við útvegum þessa styrki til að stuðla að friði og skilningi þjóða í milli í anda Rótarýs.“

Á vegum Rótarý fara einnig fram svokölluð æskulýðsskipti, sem felast í því að hingað koma ungmenni að utan meðan æskufólk okkar dvelst meðal útlendra og víkkar með því sjóndeildar-

Ekkert grand

Kvikmyndir

Sæbjörn Valdimarsson

ÞÍÓHÖLLIN: Í BANASTUÐI (GRANDVIEW USA) ☆

Leikstjóri Randal Kleiser. Framleiðandi William Warren Blaylock. Handrit Ken Hixon. Aðalhlutverk Jamie Lee Curtis, C. Thoma Howell, Patrick Swayze, Jennifer Jason Leigh, Troy Donahue. Gerð

1984 af CBS Theatrical Films. 97 mín.

Þessi er snúin, illskiljanleg, ef maður á annað borð á eitthvað að botna í henni. Enda stendur á plakatinu: „Grandview USA, þar sem draumarnir rætast á furðulegan hátt.“

Þessi nýjasta mynd Randals Kleisers, sem gert hefur „snilldarverkin“ Grease, Blue Lagoon, og að maður tali nú ekki um

Summer Lovers, fjallar í stuttu máli um líf nokkurra ungmenna í einhverju niðurdrepandi krummaskuði vestan hafs. Einkum um pabbastrák (Howell), sem hættir að vera pabbastrákur, harðsodinn kvenkost (Jamie Lee Curtis), sem erft hefur hæpið fyrirtækið, bílaeyðileggingarbraut, eftir föður sinn og hálfbruglaðan, þungavinnuvéla-jaxl, enda kannski engin furða, þar sem hann er kokkáláður af engum öðrum en Troy Donahue, sem ég hélt að enginn heilvita leikstjóri vildi hafa í návist sinni.

Hvernig leiðir þessara elska



Jamie Lee Curtis er englakroppur sem hefur lítið erindi í myndinni í banastuði.

liggja svo saman í þessari heldur órómantísku mynd, treysti ég mér ekki til að lítilista í fáum orðum, en þetta er lítil bær.

Bestu kaflar myndarinnar eru dans- og söngvaatriði (og Jamie Lee er englakroppur, sem maður furðar sig á hvað er að sólunda tíma sínum hér), enda er Kleiser virtur leikstjóri tónlistarmyndbanda og á heilurinn af sumum þeim bestu sem hann hefur unnið fyrir marga heimskunna poppara. Þar fyrir utan er í banastuði harla lítilsigld smábæjarljúsing, maður getur ein-vel horft á Skonrokk.



Fulltrúi forseta Rotary International, Ernst Breitholtz frá Svíþjóð, sáemir Rótarýmanninn Torfa Hjartarson heidursmerki Paul Harris á umdæmisþinginu sem haldið var í júní.

Þó verið tekið til atkvæðagreiðslu á hverju löggjafarþingi Rotary International, sem haldin eru þriðja hvert ár, en tillögurnar um aðild kvenna hafa hingað til verið felldar með allmiklum atkvæðum. Til þessa hafa Íslendingar hins vegar verið æði beggja blands í afstöðu sinni," upplýsti Sigurður.

„Ég er því mjög hlynntur að konum verði boðin þátttaka í störfum Rótarýs, á sama hátt og körlum," sagði Sigurður, „enda fráleitt eins og þjóðfélagi okkar er hátt að geta ekki boðið konu, sem veitir mikilvægri stofnun forstöðu, aðgang að samstarfi í félagsskap okkar sakir kynferðis síns. Ég er sannfærður um að um aldamótin verður búið að breyta þessu," bætti hann við. Þess má þó geta að starfandi er hér á landi félagsskapur kvenna, Innra hjólið, sem tengist Rótarý. Ekki er þó um Rótarýklúbb að ræða heldur samtök kvenna, sem giftar eru mönnum innan hreyfingarinnar.

Að þjóna fremur en þiggja

Þegar Sigurður var að því spurður hvaða gagn hann hefði haft af Rótarýaðild sinni var hann fljótur að minna á einkunnarorð félagsskaparins, „Service Above Self" — að þjóna fremur en að þiggja. Hins vegar væri líka til annað slagorð innan hreyfingarinnar — „He profits most who serves best", sem mætti útleggja „Sá sem þjónar best, þénar mest" og taldi Sigurður þetta hafa reynst orð að sönnu. Að visu hefðu gagnrýnendur Rótarýs reynt að túlka þetta svo, að hér væri komin sönnun þess að hreyfingin hefði það markmið að afla félögum sínum fjárhagslegs ábata, en því færi alls fjarri. „Það er hægt að hagnast, þó ekki skili ágóðinn sér í seðlum," sagði Sigurður. „Þetta þýðir einfaldlega að sá, sem er reiðubúinn til að leggja eitthvað á sig fyrir aðra, mun fá það endurgoldið," bætti hann við.

Benti Sigurður á að unnt væri að láta gott af sér leiða með öðru en fjárgjöfum, þótt vissulega væru þær góðra gjalda verðar, en gagnstætt öðrum þjónustuklúbbum stæði Rótarý ekki fyrir söfnunum

meðal almennings — heldur héldi sig innan hreyfingarinnar. „Lionsmenn, t.d., eru manna duglegastir við líknarstörf, á borð við fjárfafnanir fyrir sjúkrahústækjum og því um líku og eiga þeir sannarlega þakkir skyldar fyrir. Vissulega styðjum við þá, sem einstaklingar, en innan okkar félagsskapar beitum við okkur að ýmsu öðru, líka á alþjóða vettvangi, því í mörg horn er að lita.

Smækkuð mynd af þjóðfélaginu

Aðspurður kvaðst Sigurður hafa gengið í Rótarý árið 1969 og starf að síðan í Rótarýklúbbsi Reykjavíkur. Fundir í klúbbunum eru haldnir vikulega og er mætingarskylda ströng. Að visu eru menn ekki látnir hætta, nema mætingar fari niður fyrir ákveðið lágmark. Ætlast er til að félagar gefi upp fullgilda ástæðu fyrir fjarveru sinni og þeir saki fundi hjá öðrum Rótarýklúbbum, þegar þeir eru á ferðalagi utan sinnar heimabyggðar. Sigurður sagði: „Þessi ákvæði eru ekki út í hött. Maður kynnist ekki sínum félögum, nema með því að hitta þá og það sem oftast. Svo hafa menn líka ævinlega eitthvert gagn af fundarsókn — þeir hitta þarna ólíka menn með misjöfn sjónarmið. Rótarý velur sína félagar án tillits til þjóðfélagssins — samansafn þeirra, sem taldir eru verðugir fulltrúar starfsgreina sinna eða njóta trúnaðar innan síns sérsviðs. Markmiðið er að miðla öðrum af reynslu sinni og þekkingu. Sem sagt: að gefa og þiggja — það er málið. Þetta kennir manni að rökræða án þess að rifast og virða ólík viðhorf," sagði Sigurður. Til eru menn innan Rótarýklúbbs Reykjavíkur, sem mætt hafa á hvern einasta fund sl. 30 ár, og svo er um fleiri klúbba. Auk hefðbundinna fundarstarfa og samskipta á vegum Rotary International gera Rótarýfélagar sér stundum dagamun, eins og í mörg-

um félögum tðkast, og þá gjarnan með þátttöku eiginkvenna sinna.

Starf umdæmisstjóra

Sigurður upplýsti að umdæmisstjórastarfið væri krefjandi en hefði þó jafnframt gefið sér mikið. „Umdæmisstjóri er starfsmaður Rotary International og á að geta þess að klúbbarnir haldi sér við efnið — sinni verkefnum þeim, sem þeir hafa sjálfir valið sér og fylgi öllum reglum þar að lútandi."

Á því ári sem Sigurður Ólafsson gegndi forystuhlutverki Rótarýs á Íslandi var m.a. unnið að því að gefa út sögu hreyfingarinnar héraendis svo og stofnun starfsgreina-sjóðs.

„Peningarnir, sem veittir eru til þeirra málefna sem við styðjum eru allt saman frjáls framlög. Við viljum leyfa mönnum að njóta sín í þeim málum, sem þeir hafa áhuga á. Við beitum engum þvingunum og ýtum engum út í neitt, sem hann ekki trúir á sjálfur. Þörfin er svo víða að þar er svo sannarlega pláss fyrir alla, sem vilja leggja hönd á plóginn," sagði Sigurður. „Fyrst í stað var ég ákaflega tregur til að taka þetta að mér, þar sem ég vissi að þetta fæli í sér mikið starf," sagði hinn fráfarandi umdæmisstjóri, Sigurður Ólafsson, „en ég sá mér fært að gera þetta, með því að verja til þess öllum fristundum í eitt ár, og því sé ég svo sannarlega ekki eftir. Í nafninu „Rótarý", svo og í merki félagsskaparins, hjólinu, felst hreyfing og táknað það að enginn fær starf innan samtakanna til æviloka. Skipt er um menn í öllum stöðum árlega og hefur þetta þann kost að virkja sem flesta. Lítilu tannhjól merkisins minna okkur líka á snertinguna, sambandið manna á milli og það að vinsamleg samskipti allra er eitt af höfudmarkmiðum Rótarýs," bætti hann við.

Velvild ríkur þáttur í fari flestra

Þessu hefur Sigurður kynnst af eigin raun, því hann sagði: „Eftir að ég komst á fullorðinsár hef ég aldrei eignast jafnmarga vini og á þessu ári, sem ég starfaði sem umdæmisstjóri. Þó er sagt, að sína bestu vini eignist maður á yngri árum og þá einkanlega í skóla. Þegar maður fullorðinast eignast maður bara kunningja, utan nánustu fjölskyldu. Ég hef hins vegar komist að raun um að þetta er ekki allskostar rétt. Í gegnum starfið hef ég kynnst fjöðanum öllum af fólki, sem hefur verið reiðubúið til að gera allt fyrir mig og þá sannfærðist ég endanlega um að velvild og hjálpssemi er ríkur þáttur í fari flestra manna," sagði Sigurður.

Aðspurður kvaðst hann að sjálf-sögðu verða áfram í Rótarý, það sem breyttist væri að pappírsvinna, simtöl og skylduferðalög utanlands og innan lentu nú á eftirmanni hans, Húnboga Þorsteins-syni frá Borgarnesi. „Annars hef ég nóg fyrir stafni í mínum fristundum," bætti hann við, „enda á ég óskaplega erfitt með að vera íðjulaug og það ömurlegasta sem ég geri er að flatmaga á einhverri sólarströnd og liggja í leti," sagði Sigurður Ólafsson að lokum.

DYNGJAN

JÓRUNN KARLSDÓTTIR



Rækjuveisla

S tór skál af rækjum, nokkrir góðir ostar og sumarlegur eftirrétur. Einfalt, létt og lystugt. Því ekki að húa saman 6—8 manns á fallegu síðsumarkvöldi og bjóða upp á þetta? Alveg til-

valið í sumarbústaðnum, úti í garði, eða bara inni í stofu. Það fer að sjálfsgöðu allt eftir veðri og aðstæðum. En fyrst bjóðum við upp á „bollu".

Agúrku-bolla, fyrir 6

- ½ agúrka
- 1 sítróna
- 1 flaska hvítvín, þurrt
- 2 matsk. kóniak
- Um 50 gr. sykur
- 1 flaska freyðivín
- 2 flöskur sóðavatn
- Ísmolar



Þvöið agúrkuna og sítrónuna og skerðið í þunnar sneiðar. Sett í glerskál eða stóra glerkönnu. Kóniak og hvítvíni hellt yfir og sykurrinn hræður saman við. Sett í ísskáp í 2—3 tíma. Freyðivíninu, vel kældu, bætt út í rétt áður en bollan er borin fram, einnig nokkrum ísmolum og sóðavatninu.

Rækjurnar má bera fram í stórrí skál, eða búa til „rækjurönd". Sé fyrri kosturinn valinn er gott að hafa sítrónusneiðar, ristað brauð og smjör með, og eitthvað af íðyfum. Séu rækjurnar bornar fram í skelinni má reikna með um 200 grömmum á mann, en ef þær eru pillaðar ættu 125 grömm á mann að duga. Hér koma uppskriftir sem nota má í íðyfur.

Paprikuíðýfa

- 1 box sýrður rjómi (2dl),
- ½ rauð paprika smátt söxuð,
- 1 matsk. sítrónusafi,
- 2 matsk. tómatakraftur (puré),
- salt og pipar,
- 1 tesk. fínt saxaður laukur,
- 1½ dl rómi (þeyttur)

Hræið paprikuna og laukinn út í sýrða rjómann, bætið tómatakraftinum út í og sítrónusafanum, og bragðbætið með salti og pipar eftir smekk. Að lokum er þeytta rjómanum bætt út í.

Sinnepsíðýfa

- 1 box sýrður rjómi (2 dl)
- 1 matsk. púðursykur
- 2 matsk. franskt sinnep

- 1 matsk. edik
- ½ tsk. karrý
- 2 matsk. saxaður graslaukur eða dill
- Salt og pipar

Hræið sinnepið með púðursykri, ediki og karrýi. Bætið sýrða rjómanum saman við, síðan graslauk og dilli, og bragðbætið með salti og pipar eftir smekk.

Jógúrtíðýfa

- 1 box jógúrt (2 dl)
- 2 dl majones
- 4 perlulaukar (smátt saxaðir)
- 1 búnt dill (eða annað grænt)
- ½ rif hvítlaukur
- salt og pipar.

Saxið dill og hvítlauk smátt. Blandið svo öllu saman og bragðbætið með salti og pipar.

Melóna með ávöxtum

Ferskjur og jarðarber ný eða úr dós í melónu-umgerð eru bæði fljótlegur og girnilegur eftirrétur.

- Fyrir 4:
- 1 melóna
- 400 gr. jarðarber
- ½ dós ferskur
- 1—2 matsk. flórsykur
- 1 matsk. sítrónusafi
- 3—4 matsk. gin

Ská-skærið lok af melónunni með beittum hníf. Skafið kjarnana úr með skeið, og einnig meirihlutann af melónukjötinu. Fyllið svo upp með jarðarberjum, melónubitum og niðursneiddum ferskjum. Stráið flórsykrinum og hellið sítrónusafanum yfir. Síðast er gininu og/eda ferskjusafanum hellt út á. Setjið lokið á og látið þetta „trekkja" í um það bil tvo tíma.

+++

... Og gleymið svo ekki nokkrum góðum ostum á borðið!

Selfoss:

Ný verzlun í byggingu sem þjóna á byggðinni syðst í kaupstaðnum

Selfossi, 31. júlí.

Í BYGGINGU er ný verzlun á horni Tryggvagötu og Fossheiðar á Selfossi. Verzlun þessi mun þjóna byggðinni syðst í kaupstaðnum þar sem búa um 2000 manns.

Eigendur þessarar nýju verzlunar eru Gunnar B.

Guðmundsson og Þórður G. Árnason. Þeir sögðu að í þessari verzlun yrðu allar almennar heimilivörur til sölu og opnunartíminn yrði lengri en í almennum verslunum.

Þessi verzlun er sú fyrsta

sem rís sunnan aðalgötunnar, Austurvegarins, sem allar verulanir bæjarins eru staðsettar við. Þessi verzlun mun því styttu íbúum sporin að einhverju leyti, ekki síst þeim sem næst búa.

Sig. Jóns.